

**Mánudaginn 10. janúar 1994 kl. 12:15**

**22. fundur samkeppnisráðs**

**Samþykkt nr. 1/1994.**

**Kvörtun Verktakasambands Íslands vegna tilboða sem vinnuflokkar Vegagerðar ríkisins gera í verk sem boðin eru út af Vegagerðinni.**

Samkeppnisstofnun barst kvörtun dags. 16. apríl s.l. frá Verktakasambandi Íslands. Efni hennar var athugasemd vegna þess að vinnuflokkar hjá Vegagerð ríkisins geri tilboð í verklegar framkvæmdir sem Vegagerðin býður út. Telur Verktakasambandið líkur á að vinnuflokkar Vegagerðarinnar hafi betri aðstöðu til að bjóða í verk en aðrir þar eð ekki sé unnt að skilja fullkomlega fjárhagslega á milli vinnuflokkanna sem sjálfstæðra verktaka annars vegar og starfsmanna Vegagerðarinnar hins vegar.

Starfsmenn Samkeppnisstofnunar áttu fund með vegamálastjóra og fleiri starfsmönnum Vegagerðarinnar vegna kvörtunar Verktakasambandsins og fengu þar upplýsingar og gögn er varða málið.

Árið 1990 varð skipulagsbreyting á starfsemi Vegagerðarinnar. Voru vinnuflokkar þá aðskildir svo mikið sem auðið var frá öðrum rekstri stofnunarinnar. Var það gert m.a. til að unnt væri að bera rekstur þeirra saman við sjálfstæða verktaka.

Alls eru starfandi 13 vinnuflokkar hjá Vegagerð ríkisins. Skiptast þeir þannig eftir umdæmum.

Suðurland

Reykjanes

Vesturland

Norðurland eystra

**Klæðningarfl., Brúarfl.**

**Klæðingarfl. (viðg.), Brúarfl., Járnsmíðafl., Trésmíðafl.**

**Málningarfl., Brúarfl., Merkingarfl.**

**Klæðingarfl., Brúarfl., Malararfl., Jarðvinnufl.**

Vinnuflokkarnir eru mistórir eða frá tveimur starfsmönnum (málningarflokkur) upp í átta starfsmenn. Starfsmenn eru flestir lausráðnir nema verkstjórar og stundum flokkstjórar sem eru oftast í annarri vinnu hjá Vegagerðinni á veturna.

- 2 -

Þó er unnt að segja þeim upp störfum ef nægileg verkefni eru ekki fyrir hendi. Í hverju umdæmanna fjögurra er sérstakur tæknifræðingur sem er yfirmaður allra vinnuflokka í umdæminu. Hann annast skipulag og áætlanagerð og verksölu fyrir flokkana og gerir tilboð f.h. flokkanna þegar slíkt er gert. Tæknifræðingurinn gengur í önnur störf á veturna ef svo ber undir.

Í raun hafa vinnuflokkar ekki fengið nema 2 - 3 verk sem lægstbjóðendur í tilboðum. Öðrum verkum hefur í flestum tilvikum verið úthlutað til þeirra á föstu verði.

Tæki þau sem vinnuflokkar Vegagerðarinnar nota í verklegum framkvæmdum, hvort heldur er í verkefnum sem stofnunin úthlutar vinnuflokkunum eða verkefnum sem þeir vinna samkvæmt tilboðum, eru í eign véladeildar Vegagerðarinnar. Taxtar vegna tækjanna eru þeir sömu sem vinnuvélaeigendur og vörubifreiðastjórar nota sem brúttótaxta. Er það mat Vegagerðarinnar að taxtar véladeildarinnar séu í raun hærri en þeir taxtar sem almennir verktakar reikna sér í tilboðum. Telur Vegagerðin það rýra samkeppnisstöðu vinnuflokka Vegagerðarinnar. Tæki Vegagerðarinnar standa almennum verktökum til boða þó véladeildin sé ekki á samkeppnismarkaði á leigu vinnuvéla. Almennir verktakar hafa leigt sérhæfð tæki af Vegagerðinni svo sem veghefla og svokölluð niðurrekstartæki.

Vegagerðin hefur upplýst að verið sé að stíga það skref að vinnuflokkarnir verði ennþá sjálfstæðari rekstrareiningar en hingað til með eigin fjárhag. Síðastliðið haust átti að fara fram endurmat á skipulagi og störfum vinnuflokkanna og hafa hliðsjón af rekstri og störfum þeirra hér og sambærilegra flokka erlendis.

Vegagerðin telur þörf á að reka vinnuflokka m.a. til aðhalds á stöðum þar sem um fákeppni er að ræða, til að viðhalda ákveðinni framkvæmdaþekkingu innan stofnunarinnar og til að annast aðkallandi viðhald og viðgerðir.

Það er mat Vegagerðarinnar að vinnuflokkar stofnunarinnar hafi ekki betri aðstöðu til að nálgast upplýsingar um kostnaðaráætlanir en aðrir þar eð öllum sem bjóða í

verkefni fyrir Vegagerðina er kunnugt um að kostnaðaráætlun vegna verks miðast við meðaltal eldri sambærilegra tilboða.

Fram kom í viðtölum við forsvarsmenn Vegagerðarinnar að þeim er kunnugt um hin nýju samkeppnislög og hefur stofnunin að sögn kappkostað að skilja milli almenns rekstrar stofnunarinnar og samkeppnisrekstrar með hliðsjón af þeim ákvæðum sem fjallað er um í 14. gr. samkeppnislaga.

- 3 -

Ekki kemur fram í erindi Verktakasambands Íslands að óeðlilega hafi verið staðið að útboði hjá Vegagerðinni né heldur að óeðlilega hafi verið staðið að tilboðum vinnuflokka hennar í verk hjá Vegagerðinni. Ekkert hefur heldur komið fram í viðtölum starfsmanna Samkeppnisstofnunar við starfsmenn Vegagerðarinnar að óeðlilega hafi verið staðið að útboðum eða tilboðum hjá Vegagerðinni.

Þrátt fyrir að skilið hafi verið að verulegu leyti á milli rekstrar vinnuflokka Vegagerðarinnar og annarrar starfsemi stofnunarinnar samkvæmt upplýsingum forsvarsmanna hennar eru eftir sem áður stjórnunarleg og fjárhagsleg tengsl þar á milli.

Verður því að telja óheppilegt og gefa tilefni til tortryggni sjálfstættstarfandi verktaka að vinnuflokkarnir taki þátt í almennum útboðum Vegagerðarinnar.

### **Samþykkt:**

*"Til að taka af allan vafa og til að eyða tortryggni þeirra sem annast sjálfstæða verktakastarfsemi í vegagerð beinir samkeppnisráð þeim tilmælum til Vegagerðar ríkisins með vísan til 2. mgr. 14. gr. laga nr. 8/1993 að fjárhagslega verði skilið á milli rekstrar þeirra vinnuflokka Vegagerðar ríkisins sem ætlað er að bjóða í verklegar framkvæmdir sem Vegagerðin eða aðrir bjóða út og annarra þátta í rekstri Vegagerðarinnar".*